

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2016

2017/EES/45/23

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins s 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (endurúttefni) ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun 2013/29/ESB fellir niður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB ⁽²⁾ sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Í stað texta 4. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB) í XXIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn kemur eftirfarandi:

„**32013 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (endurúttefni) (Stjútð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/29/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27.

⁽²⁾ Stjútð. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.